

Stjórnarfundur 21 september 21 kl1930.

Haldið að Króki allir mættir nema Jóhann G.

Mættir Jón Þ, Davíð, Reynir, Ágúst, Siggi og Randi í síma.

Mikill áhugi fyrir nýdómara námskeiði í Noregi og vöntun á dómurum, þarf 12-14 þátttakendur til að það standi undir sér. Jón ætlar að ræða við Ine Smedbakken um að halda utan um það. Einnig möguleiki að slá saman með sameiginlegt með Svíþjóð og Danmörk.

Komið er tilboð með að þíða leiðara og reglur á þýsku, tilboð hljóðar uppá 280000 þúsund, gæti orðið tilbúið í lok október. Verður lagt fyrir stjórn LH hvort þeir taki þátt í kosnaði af þessari þíðingu.

Stjórn hefur samþykkt að borga þýðingu á leiðaranum yfir á þýsku, sú vinnsla getur farið af stað.

Fræðslunefnd á að ljúka við að skoða leiðara með breytingar í huga sem hafa verið ræddar áður, með að uppfæra orðalag og nútíma væða hann. Spurning hvort það sé ekki betra áður enn er farið að þýða hann.

Fræðslunefnd verður að taka fyrir á næsta upprifjunarnámskeiði að herða verulega á þegar ekki er hleypt fyrir skeið. Að dómari beri ábyrð á að taka á þessu þegar hann dæmir, sé ekki sjálfgefið að fá 8,6 fyrir rennsli beri of oft á því

Sigurður nefnir einnig mikilvægi á að taka á lélegu brokki það sé of oft látið sleppa í of háar tölur ef það sé bara ferð á því, fræðslunefnd skoði málið.

Hugmynd að íslandsmót verði haldin í gæðingakeppni allavega annað hvert ár þau ár sem ekki eru LM. Fara í viðræður hvort ekki sé eðlilegt að LH sái um það eins og sportið.

Vinna verður í því að hvetja Hestamannafélögin að halda fleiri gæðingamót, stutt kvöldmót með breytilegu sniði, sérstök forkeppni, innan dyra mót og einig hvetja til að fá aukna þátttöku í yngri flokkum.

Reynir kemur með hugmynd, um að senda spurninga lista út á hestafólk og keppendur um hvað fólk vilji laga og gera til að auka þátttöku í gæðingakeppni. Sami listi færi svo með á formannafund LH í haust.

Yfirdómari á mótum fylgist með meðdómurum og sé vakandi yfir og ef þurfa þykir ræði við og leiðbeini ef um ítrekað misræmi verður.

Varðandi dómaraþal fyrir LM, 14 manna hópur sé klár í febrúrar og byrji strax að vinna að því að samræma sig fyrir mótið.

Hestamannafélagið Sörli leitaði eftir stuðningi á gæðingamóti Íslands sem haldið var í sumar og varð tap á uppá 200000 þúsund. Erindi hafnað.

Ekki fleira tekið fyrir fundi slitið 2130.